


Tveggja mínútna reglan



1. Vera róleg(ur) og sýna virðingu í viðmóti. Ekki láta tilfinningar ráða viðbrögðum hverju sinni.
2. Reyna að taka nemandann til hliðar og komast hjá því að auðmýkja eða lítillækka.
3. Fara munnlega yfir það sem gerðist með áherslu á viðeigandi einkunnarorð – varast að dragast inn í rifrildi.
4. Fá nemandann til segja hvaða hegðun er viðeigandi í þessum aðstæðum og af hverju það skiptir máli. Ef hann getur ekki eða vill ekki segja hvaða hegðun er viðeigandi skal fara yfir regluna og fá nemandann til að endurtaka hana.
5. Gefa nemandanum val um að leiðrétta hegðunina. Gefa nemandanum svigrúm til að velja hvort hann vilji leiðrétta hegðunina eða mæta fyrirfram ákveðnum afleiðingum (ca 10-15 sek).

6. Beita viðurlögunum strax eða eins fljótt og kostur er á. Viðurlög skulu vera:
- a. Tafarlaus
 - b. Mótsagnalaus
 - c. Háð atvikinu
-
- ✓ Ef nemandinn er samvinnuþýður þegar hegðun er leiðrétt ætti ekki að taka meira en nokkrar mínútur að ljúka málinu. Mjög mikilvægt er að hrósa nemanda fyrir að velja viðeigandi hegðun.
 - ✓ Ef nemandi er með mótstöðu, er hortugur eða neitar að fylgja fyrirmælum er ólíklegt að starfsmanni takist að fá nemandann til samvinnu, hvort sem er með hótunum eða öðrum hætti. Ef ekki er hægt að leiðrétta hegðunina innan tveggja mínútna ætti að vísa barninu á viðeigandi stað (athuga flæðirit).